

# Skólaráð Hörðuvallaskóla

## 11. fundur skólaársins 2016-2017, haldinn 8. júní 2017

Skólastjórnendur: Ágúst Jakobsson, Þórunn Jónasdóttir

Fulltrúar foreldra og grenndarsamfélags: Heiðar Ásberg Atlason, Freygerður Anna Ólafsdóttir, Marta Kristín Sigurjónsdóttir.

Fulltrúar starfsmanna: Alma Ernstdóttir, Sigríður Einarsdóttir.

Dagskrá og afgreiðslur:

### **1. Ytra mat**

Farið var í gegnum kynningu á ytra mati á starfsemi skólans sem fram fór í apríl og maí. Drög að skýrslu eru tilbúin en ekki er um opinber gögn að ræða enn sem komið er. Kynning á niðurstöðum mun fara fram á starfsmannafundi þann 12. júní nk. Von er á opinberri skýrslu í sumar og í framhaldi af því verður unnin umbótaáætlun sem birtast mun í starfsáætlun 2017-2018.

### **2. Verkefni næsta skólaárs**

Umræður um verkefni næsta skólaárs sem einkennast munu annars vegar af niðurstöðum ytra mats og hins vegar innleiðingu á stefnu skólans.

### **3. Skólalóðin.**

Farið yfir bréf frá garðyrkjustjóra varðandi umbætur á skólalóð í sumar, þ.e. að setja niður tæki í stað þeirra sem hafa gengið úr sér og verið fjarlægð. Skólastjóri svarar bréfinu í samræmi við umræður á fundinum.

### **4. Þróunarverkefni**

Fyrirspurn um þróunarverkefni í skólanum. Á næsta ári verður unnið að tveimur formlegum þróunarverkefnum sem hlotið hafa styrk úr Sprotasjóði. Þar er annars vegar um að ræða breytta kennsluhætti á unglingastigi en hins vegar verkefni sem nefnist „Atferlis- og hegðunarmótun, lært með hundi“. Þar verður um eins konar rannsókn að ræða á áhrifum þess að nýta hund við atferlis og hegðunarmótun með nemendum. Fyrir utan þessi verkefni er svo unnið að fjölmörgum þáttum sem mætti telja til þróunarverkefna, má þar nefna spjaldtölvuinnleiðinguna, innleiðingu lestrarstunda, nýtt námsmat, vinaliðaverkefni, núvitunarfræðslu o.fl.

Fleira ekki tekið fyrir, skólaráðsmenn þökkðu samstarfið í vetur. Næsti fundur verður boðaður með tölvupósti snemma í ágúst.